

---

**Skýrsla sveitarstjóra, kynnt  
á sveitastjórnarfundi nr.  
234, dags: 11. maí 2023**





- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 663 íbúar mv. 1. maí sl. og hefur því fjölgað að nýju hjá okkur því að 1. janúar sl. vorum við 653.
- Glæsileg Jörvagleði fór fram hér í Dalabyggð seinni hluta apríl, mjög fjölbreytt og skemmtileg dagskrá sem full ástæða er til að þakka fyrir öllum þeim sem komu að undirbúningi, framkvæmd og frágangi á. Of langt mál væri að telja allar þær hetjur sem koma að málum en öllum hlutaðeigandi er hér með þakkað fyrir af fullri einlægni.





Íslensku

lýðheilsuverðlauni

— 2023 —

- Það er gleðilegt að það er horft til okkar öflugra samfélags á landsvísu í ýmsu tilliti. Fyrir stuttu fékk Erpsstaðarbúið veglega viðurkenningu og nú í apríl var Ingibjörg Jóhannsdóttir tilnefnd til Lýðheilsuverðlauna forseta Íslands og var Ingibjörg ein af þremur tilnefndum. Ekki hneppi Ingibjörg stóra hnossið í þetta sinn en samt sem áður frábært að til okkar manneskju hafi verið horft þegar loka valið fór fram.



- 
- Auglýst hafa verið störf í Vinnuskóla Dalabyggð sumarið 2023 og launatafla samþykkt í byggðarráði. Það er Sigríður okkar Jónsdóttir sem mun halda utan um starfið í sumar líkt og sl. sumar. Það er vonandi að við fáum ágæta skráningu í vinnuskólann okkar þannig að krakkarnir nái að aðstoða okkur af krafti við að snyrta og hreinsa umhverfið okkar.
  - Talandi um hreinsun á umhverfi þá fór götusópun fram í Búðardal í aðdraganda Jörvagleði og eins var hvatt til þess að einstaklingar og fyrirtæki hreinsuðu í sínu næsta nágrenni. Ég vil þakka þeim sem lögðu hönd á plóg í þeim efnum, það er dýrmætt hverju samfélagi að allir sem einn leggi sitt af mörkum til fegrunar og hreinsunar, þar skiptir aðkoma og framganga sveitarfélagsins miklu mál og þurfum við að horfa til þess að Dalabyggð bæti sig í þeim efnum.




- 
- Samningi um rekstur hjúkrunar- og dvalarrýma í Silfurtúni, við Sjúkratryggingar Íslands og heilbrigðisráðuneytið, var sagt upp í apríl og tók uppsögnin gildi um mánaðarmótin apríl/maí. Dalabyggð hefur greitt með rekstri heimilisins undanfarin ár sem nemur tugum milljóna á ári hverju. Undanfarna mánuði hefur náðst ákveðinn árangur hvað varðar endurskipulagningu en neikvætt svar Sjúkratrygginga Íslands hvað það varðar að leiðréttu daggjaldagrunn heimilisins nú þegar gerði útslagið hvað það varðar að segja upp samningi. Ekki hafa hafist viðræður við ríkisvaldið um hvernig staðið verði að skilum Dalabyggðar á rekstrinum en við búumst ekki við öðru en að við í Dölunum fáum sömu meðhöndlun og annarsstaðar þar sem sveitarfélög hafa skilað rekstrinum og/eða sagt upp samningi. Á þeim stöðum hafa viðkomandi heilbrigðisstofnanir í landshlutanum tekið reksturinn yfir og nægir þar að nefna Stykkishólm og á Austfjörðum í fleiri en einu tilviki. Það er von mín að samtalið við ríkisvaldið gangi vel og það öfluga og góða starfsfólk sem á Silfurtúni starfar þurfi ekki að upplifa óvissu af neinu tagi hvað störf sín varðar sem og heimilismenn sem á heimilinu góða búa og aðstandendur þeirra, óvissa um framhaldið er ekki góð á neinn hátt í starfsemi sem þessari sem um ræðir.

- Þingflokkur Sjálfstæðisflokks kom í heimsókn á sumardaginn fyrsta. Sveitarstjórn ásamt undirrituðum tók á móti hópnunum að Laugum í Sælingsdal. Farið var vítt og breitt yfir sviðið hvað þau mál sem samfélagið í Dalabyggð snertir og má þar nefna umræður um vegamál, fjarskiptamál, varnargirðingar og riðuveikitilfelli, löggæslumál og mögulegan stuðning ríkisvaldsins við uppbyggingu íþróttamannvirkja í Búðardal. Um var að ræða sama eða svipaðan tón og sleginn var í heimsóknum þingmanna og ráðherra frá öðrum stjórn málaflokkum fyrr á árinu.
- 24 umsóknir bárust í frumkvæðissjóð DalaAuðar og er nú verið að vinna úr þeim flottu umsóknum sem bárust. Stefnt er að úthlutun í byrjun júní n.k.






- 
- Umræður um fyrirkomulag umdæmisráðs barnaverndar hafa haldið áfram og á undirritaður fundi með annarsvegar fulltrúum frá Akraneskaupstað og hins vegar Borgarbyggð í næstu viku. Von mín og trú er að samtalið á Vesturlandi þróist í þá átt að landshlutinn snúi bökum saman og myndi eitt sameiginlegt umdæmisráð í barnaverndarmálum sem og í málefnum fatlaðra. Allt tekur þetta tíma en meðan þetta samtal á sér stað sinna starfsmenn Samskiptastöðvarinnar daglegum verkefnum hér í Dalabyggð í barnaverndarmálum.



- 
- Dalabyggð hefur eins og kunnugt er óskað eftir samstarfi um almenna félagsþjónustu við Reykhóla og Strandir en þau svæði hafa um all nokkra hríð verið með samstarf um þann málaflokk. Nú þegar eigum við í samstarfi við þessa ágætu nágretta um skipulagsmál, byggingarmál og brunavarnir. Sveitarstjórn Reykhólahrepps fundaði þann 26. apríl og tók þar fyrir ósk okkar í Dalabyggð um samstarf en setur ákveðin skilyrði um aðild og samstarf þ.m.t. að ráðinn verði starfsmaður með búsetu á Reykhólahreppi og að sett verði meira fjármagn til greiðslu bókhaldsþjónustu sem Reykhólahreppur veitir. Þessi skilyrði hafa ekki verið rædd í samtalinu til þessa og þurfum við að íhuga vel næstu skref í þeim efnum.





- 
- Undirritaður sat kynningarfund á vegum Barna og fjölskyldustofu sem haldinn var á Hólmavík þann 10. maí sl. Mállefnið sem til umræðu og kynningar voru ný farsældarlög um málefni barna. Við í Dalabyggð munum fá kynningu fyrir okkar starfsfólk á næstunni. Í farsældarlögum er tekið á ýmsum þáttum er varða samþættingu í þjónustu og aðbúnaði við börn. Við þurfum að stefna að því í Dalabyggð að í upphafi næsta skólaárs verðum við tilbúin til að taka skref í þá átt að laga okkur að þeim lögum og reglugerðum sem í farsældarlögum felast.



- Fyrir á þessum fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar ályktuðum við um löggæslumál og meðfylgjandi var minnisblað unnið í samstarfi okkar í Dalabyggð, Lögreglustjóraembættinu á Vesturlandi og SSV. Þar kemur fram skýr afstaða Lögreglustjóraembættisins um að í Búðardal sé þörf á að koma á fót fjórum stöðugildum lögreglumanna. Ekki út af því að við sem hér búum séum svo ólöghlýðin heldur vegna mikilvægi staðsetningar Búðardals m.t.t. legu þjóðvegjar og fjarlægða til annarra þéttbýlisstaða.





- Samtal við Menntaskóla Borgarfjarðar vegna framhaldsmenntun ungmenna í Dalabyggð hefur haldið áfram og er full alvara í þeim efnum og áhugi á því að akstur hefjist jafnvel í haust í einhverju mæli á milli Búðardals og Borgarness. Umsókn í byggðasjóð var send í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og verður spennandi að sjá hvaða framgang sú umsókn fær.
- Framkvæmdir við þrjár íbúðir í Bakkahvammi miðar vel áfram og er allt útlit fyrir að umsámin verklok standi en þar er miðað við þann 15. júní n.k. Verður sú fjölgun íbúða í Búðardal kærkomin og í raun nauðsynlegt að framhald verði á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis hér í Döllum.



- 
- Í Auðarskóla er töluverð breyting á starfsmannahópi fyrirséð fyrir næsta skólaár og mun auglýsing um laus störf birtast á næstu dögum, vonandi náum við að manna skólann okkar vel fyrir næsta skólaár og við öfluga einstaklinga inn til liðs við þann öfluga hóp sem er fyrir í skólanum okkar. Byggðarráð og fræðslunefnd samþykktu í síðustu viku að ráða í starf deildarstjóra grunnskóladeildar Auðarskóla og jafnframt samningsdrög við HA um faglega skólajónustu. Er það tilhlökkunarefni að sjá hverju þessari aðgerðir skila í skólastarfi okkar hér í Dalabyggð.
  - Starfshópur vegna safnamála hefur nú skilað af sér greinargerð sem kynnt var á fundi byggðarráðs í síðustu viku. Safnastjóri hefur einnig skilað sinni álitsgerð. Í tillögum vinnuhópsins er lagt til að horft verði til sértæks geymsluhúsnæðis í Búðardal og varðandi sýningarhald þá verði horft til Árbliks sem hreyfanlegar sýningar með breytilegu sniði. Er það nú á borði undirritaðar og míns samstarfsfólks að vinna kostnaðargreiningu á tillögnum.



- Sumarið nálgast og þar með þarf m.a. að skipuleggja starfsemi skrifstofu Dalabyggðar m.t.t. orlofsóska starfsmanna. Við horfum til þess að loka skrifstofunni í eina og hálfu viku eða dagana 31. júlí til 9. ágúst. Við munum kynna þá lokun vel í aðdraganda hennar en jafnframt vakta pósthólf og þ.h. ef upp kom brýn úrlausnarefni.
- Kynningafundur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og starfshóps sem hann skipaði í júlí 2022 vegna umræðu og regluverks í tengslum við mögulega aukna nýtingu á vindorku fór fram í Dalabúð þann 8. maí sl. Á fundinum var kynnt stöðuskýrsla sem ber heitið „Vindorka, valkostir og greining“. Ágæt mæting var á fundinn, rétt tæplega 50 manns mættu, bæði heimamenn sem og fulltrúar frá nærliggjandi sveitarfélögum og aðrir hagsmunaaðilar. Umræða var yfirveguð og málefnaleg á fundinum og verður áhugavert að fylgjast með næstu skrefum í þessari vinnu.



L 2023  
arráð Íslands

VINDORKA  
VALKOSTIR OG GREINING

- Loks hillir undir að Vegagerðin bjóði út framkvæmdir við Klofningsveg þar sem áformað er að endurbyggja 8,3 km langan vegarkafla á Klofningsvegi, milli Vestfjarðarvegur og Kýrunnarstaða í Hvammssveit í Döllum. Einnig er hafið samtal við Vegagerðina um lagfæringu á innkomu í Búðardal úr báðum áttum, vonir standa til að tillögur að úrbótum líti dagsins ljós innan skamms tíma.



Fyrirhugað framkvæmdasvæði  
Klofningsvegur (590) í Hvammssveit





Það eru margþætt viðfangsefni hjá okkur í Dalabyggð og er hér aðeins stiklað á stóru og alls ekki hægt að nefna allt sem inn á borð okkar starfsmanna Dalabyggðar kemur. Margt er háð trúnaði sem ber að virða.

Við gerum okkar besta til að miðla fréttum af því sem er á döfinni hverju sinni og af nógu er að taka sem betur fer. Verkefni eru mörg og langflest skemmtileg þannig að við horfum björtum augum fram á veginn nú þegar vorið er komið og sumarið farið að láta á sér kræla.

Á myndinni hér að ofan sem tekin er í byrjun maí 2023 má sjá að ferðamannastraumurinn er hafinn í Dalabyggð þetta sumarið, í kringum 10 húsbílar mættir á tjaldsvæðið í Búðardal þessa nóttina.

BBP – 11/05/2023